

SKÓGRÆKT Í LANDI LJÁRSKÓGA

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 08262

DAGS.: 2022-08-23

VERKHLUTI:


NR.: 1

HÖFUNDUR: EBK

DREIFING: Dalabyggð

Athugun á samræmi fyrirhugaðrar skógræktar í landi Ljárskóga við Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016


Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar í landi Ljárskóga í Dalabyggð. Í tölvupósti dags. 16. ágúst 2022 óskaði skipulagsfulltrúi Dalabyggðar eftir athugun á samræmi fyrirhugaðs samningssvæði skógræktar við gildandi aðalskipulag, miðað við hnitsettan uppdrátt umsækjanda.



Hnitsettur uppdráttur umsækjanda um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á Ljárskógum.



1 Staða skipulags



Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016, brot úr sveitarfélagsuppdrætti.

Grunnlandnotkun á öllu samningssvæðinu er *landbúnaðarsvæði*. Neðan svæðisins liggur *þjóðvegur 60*. Á Ljárskógum er gert ráð fyrir þrískiptu svæði fyrir *frístundabyggð F23* í gildandi aðalskipulagi. Um landið liggur *háspennulína* Rarik, þ.e. loftlína, og skv. Aðalskipulaginu liggur einnig *ljósleiðari* meðfram þjóðveginum. *Friðlýst fornminjar* eru einnig á heimatúni Ljárskóga, merktar DPM16. Göngu- og reiðleiðir liggja um svæðið en lega þeirra er ónákvæm.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi kemur fram að skógrækt sé ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Í aðalskipulaginu kemur jafnframt fram að ekki skuli taka gott landbúnaðarland undir skógrækt, t.a.m. tún.

Í aðalskipulaginu kemur fram að fyrir liggi deiliskipulag fyrir svæði F23 en það er ekki að finna á vefsíðu Skipulagsstofnunar. Svæðið er ætlað fyrir 15 frístundalóðir og tvö veiðihús.

Í aðalskipulaginu kemur fram að taka skuli tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar náttúruverndarlaga og hafa í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spilt. Skv. kortavefsíðu Náttúrufræðistofnunar er að finna á svæðinu votlendi sem nýtur verndar núgildandi náttúruverndarlaga, en skoða þarf nánar hvort slík svæði séu innan samningssvæðisins. Ólíklegt er þó að um stór svæði sé að ræða.

Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir skógrækt nær stofnvegum en 30 m, í samræmi við vegalög. Einnig kemur fram að ræktun hávaxinna trjáa sé óæskilegt innan helgunarsvæðis háspennulína.



Skv. Minjavefsjá Minjastofnunar eru friðaðar og friðlýstar fornminjar á Ljárskógum, allar staðsettar á heimatúninu. Í aðalskipulaginu er tilgreint að taka skuli tillit til fornminja við skógrækt og ekki rækta nær þeim en 20 m.



Minjar á Ljárskógum. Skjáskot af Minjavefsjá.

2 Samræmi við skipulag og aðrar takmarkanir

Fyrirhugað samningssvæði skógræktar á Ljárskógum skarast við stóran hluta skilgreinds svæðis fyrir frístundabyggð.


Samningssvæðið skarast ekki við ræktuð tún skv. loftmyndum af svæðinu. Einnig er það utan veghelgunarsvæðis þjóðvegjarins.

Allar skráðar fornminjar eru innan heimatúnsins og því utan samningssvæðisins. Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að ekki megi rækta nær minjum en 20 m. Síðan aðalskipulagið tók gildi hafa ný lög um menningarminjar tekið gildi og skv. þeim eru framkvæmdir ekki heimilar nær friðlýstum fornminjum en 100 m. Skoða þarf því nánar hvort svæðið skarist við friðhelgað svæði friðlýstra fornminja, í samráði við Minjastofnun.

Um svæðið liggur háspennulína. Umráðendur háspennulína hafa skilgreint helgunarsvæði í samræmi við reglugerð um raforkuvirki. Innan þessara svæða gildi sértæk ákvæði s.s. um skógrækt. Samráð þarf því að hafa við umráðanda háspennulínunnar um skógrækt nærri henni. Það sama á við um ljósleiðarann sem liggur um svæðið.

Skoða þarf hvort votlendi sem nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum sé að finna innan samningssvæðisins.

Reiðleið liggur um samningssvæðið en lega hennar er ónákvæm. Líklegt er að reiðleið og skógrækt geti farið saman eða að mögulegt sé að hnika leiðinni til.



Afmörkun samningssvæðis skógræktar á Ljárskógum og landnotkun skv. gildandi aðalskipulagi.

Önnur sjónarmið

Dalabyggð hefur markað sér stefnu um flokkun landbúnaðarlands, þ.e. viðmið og útfærslu í skipulagi, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsnefndar 2. mars 2020 og samþykkt sveitarstjórnar 5. mars 2020. Í þeirri stefnu er skilgreint grunnviðmið um hvað skuli teljast landbúnaðarland. Landbúnaðarlandi er skipt í flokka með tilliti til þess hve vel það hentar til ræktunar og annarra sjónarmiða sem taka þarf mið af við stefnumörkun um ráðstöfun landbúnaðarlands. Auk þess eru viðbótarflokkar, þ.e. hlunnindi, nytjar eða takmarkanir á landnotkun sem þarf að taka tillit til við ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum í Dalabyggð. Einnig er settur fram greiningarlykill fyrir flokkun landsins. Flokkun þessi er hentugt verkfæri til að undirbyggja ákvarðanatöku um ráðstöfun landbúnaðarlands.